# Á R S S K Ý R S L A

## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

## 1 9 7 3

----ooooOOoooo----

# Á R S S K Ý R S L A

## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

## 1973

Stjórn

Á 12. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kosnir í stjórn sambandsins:

Holmsteinn Sigurðsson, formaður,
Gylfi Kristjánsson,
Einar Bollason,
Helgi Ágústsson,
Sigurður V. Halldórsson.

Varamenn:

Hörður Túliníus,
Helgi Hólm.

Verkaskipting:

Á fyrsta fundi hinnar nýkjörnu stjórnar, skiptu stjórnarmenn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður,
Einar Bollason, varaformaður,
Helgi Ágústsson, ritari,
Sigurður V. Halldórsson, gjaldkeri,
Gylfi Kristjánsson, meðstjórnandi.

Eftirtaldar nefndir störfuðu á árinu:

Landsliðsnefnd:

Einar Bollason,
Gylfi Kristjánsson.

Dómaranefnd:

Kristbjörn Albertsson,
Jón Otti Ólafsson.

Mótanefnd:

Öll liðin í 1. deild auk Fram áttu fulltrúa í Mótanefnd. Formaður Mótanefndar er Gunnar Gunnarsson.

Lnadsliðsnefnd kvenna:

Guttormur Ólafsson,
Einar Ólafsson,
Guðrún Ólafsdóttir.

Unglingalandsliðsnefnd:

Kristinn Stefánsson,
Gunnar Gunnarsson,
Einar Bollason.

Stjórnarstörf:

Alls voru haldnir 18 bókaðir stjórnarfundir á tímabilinu 24. apríl til 21. nóvember þar sem stjórnarmenn komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum.

Segja má, að starf stjórnarinnar hafi aðallega beinst að eftirtöldum verkefnum:

1. Keppni við liðið Dudelange fra´Luxemburg.
2. Undirbúningi fyrir Polar Cup 1974.
3. Framkvæmd Bikarkeppni K.K.Í. 1973.
4. Undirbúningi við U.S.A. ferð, og heimsókn um áramótin.
5. Undirbúningi fyrir Íslandsmót.
6. Undirbúningi fyrir Kvennalandsleiki við Noreg.

## Íslandsmótið 1974:

Íslandsmótið hófst 3. nóvember s.l. með metþátttöku. Keppnin verður gysilega umfangsmikil, og erfið í framkvæmd. Það ætti þó að vera ánægjuefni að nú er á ný til Mótanefnd sem á að annast framkvmd mótsins. Þessi nefnd tók til starfa í ágúst. s.l. og hefur unnið að niðurröðun allra leikja mótsins, og mun hafa yfirumsjón með framkvæmd. Öll liðin í 1. deild eiga fulltrúa í nefndinni, auk þess Fram.

Því miður verður það að segjast, að þau félög sem áttu umsjón með leikkvöldum fyrstu tvær helgarnar stóðu sig ekki öll sem skyldi, en vonandi sýna nú körfuknattleiksmenn samhug í verki og gera framkvæmd Íslandsmótsins 1974 mjög glæsilega. Ef allir taka höndum saman, þá er þetta ekki mikið erfiði fyrir hvern og einn.

## 3. deild:

Í sumar ákvað stjórn K.K.Í. að stofna til keppni í 3. deild. Það var greinilega ekki vanþörf á að gera slíkt, alls taka 15 lið þátt í keppninni, þar af 9 lið sem ekki tóku þátt í mótinu í fyrra. Í fyrsta skipti er leikið á Austfjörðum, en körfuknattleikur er í miklum uppgangi þar.

## 2. deild:

Vegna stofnunnar 3. deildar leika aðeins 6 lið í 2. deild og leika þau tvöfalda umferð, þ.e. heima og heiman.

Alls senda 28 félög lið í Íslandsmótið, alls 85 lið. Mótinu lýkur í lok apríl 1974.

## Heimsókn Dudelange:

Um páskana kom hingað í heimsókn liðið Dudelange frá Luxemburg, en það lið hafði komið hingað í heimsókn árið áður. Liðið lék einn leik hér, við úrval K.K.Í. Leikurinn var mjög ójafn, og okkar menn sigruðu með miklum yfirbúrðum, 88 : 60.

Polar Cup karla 1974:

Finnar eiga að halda Polar Cup 1974. Þier hafa ákveðið að leikirnir fari fram dagana 25. - 27. janúar 1974.

Þetta hefur valdið miklum deilum vegna þess að samkvæmt reglum um Polar Cup á hann að fara fram á vorin en þar sem heimsmeistarakeppni í íshovkey fer fram í Finnlandi í apríl treystir finnska körfuknattleikssambandið sér ekki til að hafa Polar Cup á sama tíma.

Þetta hefur orðið til þess að Danir hafa lýst því yfir að þeir muni ekki taka þátt í Polar Cup í janúar n.k., en buðust til að halda hana fyrir Finna í Kaupmannahöfn ef þier tækju að sér Polar Cup kvenna 1975.

Finnar tilkynntu í apríl s.l. á norðurlandamóti kvenna að þeir hyggðust halda Pólar Cup fyrri hluta jánúar 1974 en bæði Íslendingar og Danir andmæltu vegna erlendra samskipta sem þegar höfðu verið ákveðin á þeim tíma. Finnar breyttu því tímanum í 25. - 27. janúar 1974 og ahlda fast við það.

Staðan er því sú að Danir neita að mæta þar sem reglurnar hafi verið brotnar en Svíar eru að reyna að miðla málum og benda á að þar sem sú þjóð sem heldur Polar Cup verður ávallt fyrir nokkrum útgjöldum sé eðlilegt að taka tillit til þess hvaða tími sé hagstæðastur fyrir það land sem heldur Polar Cup. Er því allt útlit fyrir að Polar Cup fari fram í Helsinki í janúar 1974 og Danir mæti ekki.

Kvennalandsleikir:

Samið hefur verið við Norömenn um að leika tvo kvennalandsleiki 16. og 17. febrúar 1974 í Reykjavík, en eitthvert hik er þó komið á Normenn vegna ferðakostnaðar en vonir standa til að það leysist innan skamms.

Dómaranámskeið:

Haldið var dómaranámskeið á Eskifirði 17. nóvember s.l. undir stjórn Kristbjörn Albertssonar í samvinnu við U.Í.A. 15 manns tóku dómarapróf.

# ÍSLANDSMÓTIÐ 1973.

## ÚRSLIT

M. fl. karla 1. deild.

Í 1. deild léku: Valur, K.R., Í.R., Í.S., Ármann, Þór, U.M.F.N. og H.S.K. Leikið var á Seltjarnarnesi og á Akureyri.

Útslit urðu þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Ármann : Valur | 88:85 | 77:73 |
| H.S.K. : Valur | 72:96 | 70-61 |
| U.M.F.N : Ármann | 56:97 | 60:71 |
| H.S.K. : K.R. | 66:83 | 72:82 |
| Þór : Í.S. | 45:68 | 54:55 |
| K.R. : U.M.F.N. | 84:67 | 110:78 |
| Þór : Ármann | 47:60 | 44:102 |
| H.S.K. : Þór | 53:60 | 72:51 |
| Þór : U.M.F.N. | 39:40 | 78:107 |
| K.R. : Valur | 90:66 | |
| Í.R. : Í.S. | 88:82 | 97:81 |
| Í.R. : Þór | 91:64 | 73:41 |
| H.S.K. : Ármann | 72:66 | 65:67 |
| U.M.F.N. : Í.S. | 92:102 | 101:116 |
| H.S.K. : U.M.F.N. | 70:74 | |
| Í.S. : Ármann | 68:79 | |
| Í.R. : Ármann | 91:74 | 74:59 |
| H.S.K. : Í.R. | 62:108 | 68:87 |
| Í.R. : U.M.F.N. | 95:56 | 100:48 |
| Í.R. : Valur | 103:86 | 86:78 |
| H.S.K. : Í.S. | 73:80 | 69:67 |
| K.R. : Í.S. | 74:62 | 93:75 |
| Í.R. : K.R. | 92:72 | 66:67 |
| K.R. : Þór | 85:61 | 105:50 |
| Í.S. : Valur | 101:109 | 84:103 |
| K.R. : Ármann | 76:64 | 78:69 |

Íslandsmeistari 1973: Í.R.

M. fl. karla 2. deild:

Í 2. deild var leikið í þremur riðlum. Í norðurlandsriðli léku Í.M.A. og K.A. tvo leiki, og sigraði Í.M.A. í báðum. Í Vesturlandsriðli léku Snæfell og Hörður einn leik, og sigraði Snæfell. Í Suðurlandsriðli léku U.M.F.G., Í.K., Víðir Garði, U.B.K., Haukar og U.M.F.S. Tvö efstu liðin í riðlinum, U.M.F.S. og Haukar komust í úrslitakeppmina.

Í úrslitum léku fyrst Í.M.A. og Haukar, og síðan U.M.F.S. og Snæfell. Í.M.A. og U.M.F.S. sigruðu í þessum leikjum, og léku því til úrslita. Þá bar U.M.F.S. sigur úr býtum, 64:59.

Íslandsmeistari: U.M.F.S.

M. fl. kvenna:

Í m. fl. kvenna léku: Þór, Í.S., U.M.F.S., K.R. og Í.R. Í.R. sigraði alla keppinauta sína og hlaut því Íslandsmeistaratitilinn 1973.

1. fl. karla:

Þátttökulið: Í.S., Í.R., K.R., Valur, Ármann og U.M.F.S. Í.S. gaf alla sína leiki. K.R.-ingar urðu Íslandsmeistarar í þessum flokki.

2. fl. karla:

Leikið var í tveimur riðlum. Í a-riðli léku: Fram, Haukar, Í.R., K.R., og U.B.K.
B.-riðill: Ármann, Í.K., U.M.F.S. og Valur. Sigurvegarar í riðlunum urðu Valur úr B.- riðli, og K.R. úr A.-riðli. Í úrslitaleik sigraði síðan Valur.

Íslandsmeistari 1973: Valur.

4. fl. karla:

Leikið var í 3 riðlum. A-riðill: Fram, Í.K. Í.R., K.R.
B-riðill: Haukar, Í.R., Valur, U.M.F.S.
C-riðill: Hörður, Snæfell.

Sigurvegarar í A-riðli: Fram.
Sigurvegarar í B-riðli: Haukar.
Sigurvegarar í C-riðli: Snæfell.

Í úrslitakeppninni sigraði Fram bæði Hauka og Snæfell.

Íslandsmeistari 1973: Fram.

2. fl. kvenna:

A-riðill: Hörður, Snæfell.
B-riðill: Fram,K.R., U.B.K.

K.R. og Snæfell léku til úrslita, og sigraði K.R., 39:9.

Íslandsmeistari 1973: K.R.

## B I K A R K E P P N I N 1 9 7 3.

Bikarkeppni var haldin á tímabilinu 5. september til 16. september. Leikið var í Íþróttahúsinu í Hafnarfirði, og á Seltjarnarnesi.

Úrslit leikja urðu þess:

| | | |
|---|---|---|
| K.R. | U.M.F.N. | 86:72 |
| Í.S. | Snæfell | 68:44 |
| Í.R. | U.M.F.S. | 66:55 |
| Valur | Ármann | 66:63 |
| Í.S. | Valur | 76:74 |
| K.R. | Í.R. | |
| K.R. | Í.S. | 71:68 |

Bikarmeistari 1973: K.R.

---oooOooo---

F.I.B.A. dómaranámskeið:

Námskeið fyrir alþjóðadómara var haldið í Halle í A-Þýzkalandi 19. - 24. júlí s.l. K.K.Í sendi þrjá menn á námskeiðið þá Erlend Eysteinsson, Hörð Túliníus og Kristbjörn Albertsson.

Kristbjörn Albertsson stóðst prófið og er því fyrsti Íslendingurinn sem hlýtur réttindi sem alþjóðadómari í körfuknattleik en það var orðið mjög aðkallandi þar eð hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa eindregið krafist þess að dómarar á Norðurlandamótum væru F.I.B.A. dómarar.

Bandaríkjaferð 15/11 - 18/12 '73:

Í samvinnu við Kent Finanger þjálfara Luther College í Iowa var skipulögð keppnisferð íslenzka landsliðsins til Bandaríkjanna, alls 15 leikir.

K.K.Í. hefur einnig notið mikillar aðstoðar frá Dennis Goodman hjá bandaríska sendiráðinu.

Landsliðsnefnd sá um val á leikmönnum í samráði við þjálfara. Vegna þess hve langan tíma ferðin tekur er ýmsum vandkvæðum bundið að hægt sé að fara með sterkasta lið eins og í ljós kom að ýmsir leikmenn sem til greina komu töldu sér ekki fært að fara. Þier leikmenn sem fóru voru allir nema einn undir 23 ára aldri og ætti för þessi að verða þeim mikil reynsla og búast má við að flestir þeirra berjist um landsliðssæti á komandi árum.

Þessir leikmenn voru valdir til fararinnar:

| | |
|---|---|
| Kristinn Jörundsson | Í.R., fyrirliði |
| Jón Sigurðsson | Á., aðstoðarfyrirliði |
| Hilmar Viktorsson | K.R. |
| Kári Marísson | Val |
| Jón Björgvinsson | Á. |
| Brynjar Sigmundsson | U.M.F.N. |
| Jón B. Indriðason | Í.R. |
| Þórir Magnússon | Val |

| | |
|---|---|
| Gunnar Þorvarðarson | U.M.F.N. |
| Jóhannes Magnússon | Val |
| Stefán Bjarkarson | Val |
| Bragi Jónsson | U.M.F.S. |
| Birgir Guðbjörnsson | K.R. |
| Stefán Hallgrímsson | K.R. |

Þjálfari: Ólafur Thorlacius.

Landsliðið leikur við eftirtalda aðila í ferðinni:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| leikur nr. | 1 | við | Maryland Univ. | Maryland | 16. nóv. |
| " " | 2 | " | Duke Univ. | Durham NC | 17. nóv. |
| " " | 3 | " | Wake Forest Univ. | Winston Salen NC | 19. nóv. |
| " " | 4 | " | Upper Iowa | Fayette Iowa | 20. nóv. |
| " " | 5 | " | Luther | Decorah Iowa21eða | 23. nóv. |
| " " | 6 | " | Dubuque | Dubuque Iowa | 26. nóv. |
| " " | 7 | " | Augustana | Rock Island Ill | 28. nóv. |
| " " | 8 | " | St. Ambrose | Davenport Iowa | 30. nóv. |
| " " | 9 | " | Wm. Penn | Oskaloosa Iowa | 3. des. |
| " " | 10 | " | Central | Pella Iowa | 4.des. |
| " " | 11 | " | Simpson | Indianola Iowa | 8. des. |
| " " | 12 | " | Wartburg | Waverly Iowa | 11.des. |
| " " | 13 | " | Hamline | St. Paul Minn. | 13. des. |
| " " | 14 | " | Macalester | St. Paul Minn. | 15. des. |
| " " | 15 | " | Luther | Decorah Iowa | 16. des. |

Þá hefur einnig verið samið við Luther College um að þeir komi til Íslands og leiki hér 28. des. ´73 til 7. jan. ´74. Einnig hefur verið reynt að fá annað erlent lið til að koma og var Noregi boðið og Skotlandi en báðir hafa afþakkað. Er nú beðið eftir svari frá Írlandi. Einnig mun lið frá Keflavíkurflugvelli taka þátt í leikjunum.

Ákveðnir hafa verið eftirtaldir leikir:

| | | |
|---|---|---|
| Des. | 28. | Luther College - K.R. |
| - | 29. | Luther College - Keflavík |
| - | 30. | Luther College - Ísland |

Jan. 2.-3. 4 liða keppni:
Luther, Ísland, Keflavík, Írland?
- 4. Luther - Akureyri (á Akureyri)
- 6. Luther - Keflavík
- 7. Luther - Ísland

Með Bandaríkjaferðinni og leikjunum hér heima um áramótin ætti íslenzka landsliðið að vera búið að fá góða æfingu fyrir Pólar Cup, en reynslan mun skera úr því.

Polar Cup kvenna Oslo 6. - 8. apríl 1973:

Ísland tók nú í fyrsta sinn þátt í Polar Cup kvenna. Var fyrirfram vitað að þar yrði við ramman reip að draga, en stúlkurnar létu það ekki aftra sér og sáu sjálfar um að afla sér farareyris.

Landsliðsnefnd skipuð Einari Ólafssyni og Guttormi Ólafssyni valdi lið til fararinnar og Einar Ólafsson þjálfaði liðið en Guttormur Ólafsson fór út með liðinu og stjórnaði því í leik.

Eftirtaldar stúlkur voru valdar í liðið:

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Ólafsdóttir | Í.R. | fyrirliði |
| Ásta Garðarsdóttir | Í.R. | |
| Þóra Ragnarsdóttir | Í.R. | |
| Olga Bjarnadóttir | Í.R. | |
| Lína Gunnarsdóttir | Í.R. | |
| Emelía Sigurðardóttir | K.R. | |
| Katrín Axelsdóttir | K.R. | |
| Friðný Jóhannesdóttir | Þór | |
| Þóra Þóroddsdóttir | Þór | |
| María Erla Geirsdóttir | U.M.F.S. | |
| Hulda K. Harðardóttir | U.M.F.S. | |

Úrslit einstakra leikja urður sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6.4. '73 | Ísland | - Svíþjóð | 15 - 112 |
| 6.4. '73 | - | - Finnland | 13 - 70 |
| 7.4. '73 | - | - Danmörk | 30 - 91 |
| 7.4. '73 | - | - Noregur | 26 - 76 |

Á fundi sem haldinn var í sambandi við Polar Cup kvenna með forystumönnum Norðurlandanna var fjallað m.a. um eftirtalin atriði.

1. Samkvæmt nýjum leikreglum F.Í.B.A. verði leikmenn 10 í stað 12 áður. Þau lönd sem halda Polar Cup framvegis taka því á móti 14 manna hóp í stað 16 áður, þ.e.:
   10 leikmenn
   1 dómari
   1 eða 2 þjálfarar
   1 eða 2 fararstjórar.

2. Rætt var um aldur leikmanna og samþykkt að fylgja reglum F.I.B.A. um aldursskiptingu þ.e.:
   15 ára cadets
   17 ára unglingar
   19 ára fullorðnir

   Polar Cup unglinga verður haldinn í Svíþjóð í janúar 1975. Leikmenn fæddir 1956 eða síðar hafa rétt til þátttöku.

3. Ákveðið að Polar Cup kvenna fari fram í Kaupmannahöfn í apríl 1975.

4. Rætt var um Polar Cup í Finnlandi 1974. Fulltrúi Finnlands stakk upp á 11.-14. janúar 1974. Ísland og Danmörk lýstu sig andvíg þeim tíma vegna þess að þau hefðu samið við aðra aðila á þessum tíma. Á gang þessa máls hefur verið minnst á undan í skýrslunni en nokkur óvissa ríkir um framvindu mála í samskiptum Norðurlandanna nú sem stendur.

---oooOooo---

f r á 17/4 '73 t i l 23/11 '73

---

## Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Útbreiðslustyrkur ................................ | kr. | 180.000 |
| Skatthluti ....................................... | " | 4.000 |
| Styrkur frá IBR v/ Polar Cup ..................... | " | 48.300 |
| Tekjur af auglýsingum ............................ | " | 50.352 |
| Tekjur v/ USA ferðar ca. $ 3000 .................. | " | 252.000 |
| Tekjur af bikarkeppni ............................ | " | 17.660 |
| Tekjur af MB móti ................................ | " | 1.625 |

Íslandsmót:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Aðgangseyrir Íþróttahöll ............ | | kr. 600 | | |
| " Seltjarnarnesi ......... | | " 168.400 | | |
| " Akureyri ............... | | " 68.250 | | |
| | | kr.237.250 | | |
| ÷ Húsaleiga, hluti íþr. bandalagsins o.fl. .................... | | " 207.068 | | |
| | | kr. 30.182 | | |
| Þátttökugjöld ...................... | | " 46.000 | | |
| Sjónvarp ........................... | | " 37.000 | | |
| | | kr.113.182 | | |
| Þátttaka í ferðakostn.: | | | | |
| Þórs .................. | kr. 43.760 | | | |
| Annar kostnaður ....... | " 64.269 | 108.029 | " | 5.153 |
| | | | | Kr.559.090 |

h i n n 23. nóvember 1973.

---

Skuldir:

| | | |
|---|---|---|
| Samþykktur víxill pr. 21/12 '73 ...................... | | Kr. 201.408 |
| Ýmsir skuldheimtumenn ................................ | | " 206.550,20 |
| Höfuðstóll pr. 24/11 '73 ............ | kr. 161.342,19 | |
| Hreinar tekjur skv. rekstrarreikn. .. | " 15.903 | " 177.245,19 |
| | | Kr. 585.203,39 |

Reykjavík 23/11 '73.

Framanskráðan rekstrar--og efnahagsreikning hinn 23/11 1973 fyrir Körfuknattleikssamband Íslands höfum við endurskoðað og ekkert fundið athugavert við.

Reykjavík 23/11 '73.

Þráinn S. Sigurjónsson
Þráinn Scheving Sigurjónsson
(sign)

Þórir Guðmundsson.
Þórir Guðmundsson
(sign)

# E f n a h a g s r e i k n i n g u r

## Eignir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður ........................................ | | | Kr. | 2.953.- |
| Sparisjóðsáv.reikn.55344 í Verslunarb. Íslands .... | | | " | 56.311,10 |
| Útistandandi skuldir skv. lista .................. | | | " | 169.939,29 |
| Víxileign ........................................ | | | " | 20.000 |
| Minniboltanefnd KKÍ .............................. | | | " | 35.000 |
| Tæknimerki ....................................... | | | " | 4.000 |
| Búningar .......................... | kr. | 55.000 | | |
| ÷ Afskrifað ....................... | " | 10.000 | " | 45.000 |
| Útistandandi v/ USA ferðar ....................... | | | " | 252.000 |
| | | | Kr. | 585.203,39 |

Viðskiptamenn pr. 23/11 ´73.

| | Skuldir: | Inneignir: |
|---|---|---|
| K.F.R. ................................ | Kr. 920.- | Kr. |
| H.S.H. ................................ | " 2.100.- | |
| U.M.F. Selfoss ........................ | " 1.100.- | |
| Á ..................................... | " 7.500.- | |
| Völsungar ............................. | " 1.400.- | |
| Tindastóll ............................ | " 2.000.- | |
| Í.M.A. ................................ | | " 500.- |
| Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar ......... | " 5.800.- | |
| Hörður, Patreksfirði .................. | " 10.950.- | |
| Kolbeinn Pálsson ...................... | " 4.450.- | |
| Þórir Magnússon ....................... | " 4.000.- | |
| Kristinn Jörundsson ................... | " 5.000.- | |
| Birgir Örn Birgis ..................... | " 5.000.- | |
| Anton Bjarnason ....................... | " 5.000.- | |
| Kristbjörn Albertsson ................. | " 13.529.- | |
| Í.S.Í. ................................ | " 49.640,29 | |
| Í.B.R. ................................ | " 9.450.- | |
| K.K.R.R. .............................. | " | " 4.800.- |
| Bókasjóður Í.S.Í. ..................... | | " 6.500.- |
| K.K.D.Í. .............................. | | " 13.000.- |
| Morgunblaðið .......................... | | " 3.024.- |
| Jón Ásgeirsson ........................ | | " 1.570.- |
| Blaðaumsagnir ......................... | | " 1.582.- |
| F.I.B.A. .............................. | | " 58.738,20 |
| U.M.F.N. .............................. | " 1.000.- | |
| Fjölprent h.f. ........................ | | " 1.000.- |
| Flugfélag Íslands ..................... | | " 50.000.- |
| Pan American .......................... | | " 9.461.- |
| Í.S. .................................. | " 1.000.- | |
| Loftleiðir h.f. ....................... | | " 21.773.- |
| K.R. .................................. | " 1.000.- | |
| Ógr. auglýsingar ...................... | " 2.400.- | |
| Fram .................................. | " 3.500.- | |
| H.S.K. ................................ | " 3.500.- | |
| U.M.F.S. .............................. | " 1.000.- | |
| Valur ................................. | " 5.500.- | |
| Bogi Þorsteinsson ..................... | " | 13.242.- |

Viðskiptamenn frh.

| | Skuldir: | Inneignir: |
|---|---|---|
| Í.B.V. .............................. | kr. 1.000,- | kr. |
| F.H. .............................. | " 500,- | |
| Haukar .............................. | " 5.500,- | |
| U.B.K. .............................. | " 2.000,- | |
| Snæfell .............................. | " 1.000,- | |
| Sportvörur Ingólfs Óskarssonar ..... | | " 2.700,- |
| U.M.F.G. .............................. | | " 1.000,- |
| Íþróttahús Hafnarfjarðar ........... | " 13.200,- | |
| Hauksssöfnun .............................. | | " 17.660,- |
| | Kr. 169.939,29 | 206.550,20 |